

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 28. febrúar 2011 í máli nr. X-111/2010:

**Jonathan B. Logan**

*(Einar Páll Tamimi hdl.)*

**gegn**

**Glitni banka hf.**

*(Páll Eiríksson hdl.)*

### I

Mál þetta var þingfest 25. júní 2010 og tekið til úrskurðar 9. febrúar 2011. Sóknaraðili er Jonathan B. Logan, búsettur í USA, en varnaraðili er Glitnir banki hf., Sóltúni 26, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru að krafa hans að fjárhæð 414.644 bandarískir dollarar verði viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila. Til vara krefst sóknaraðili þess að krafa hans verði viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. sömu laga að því marki sem hún verður ekki viðurkennd sem forgangskrafa. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur varnaraðila eru þær að staðfest verði sú afstaða slitastjórnar varnaraðila að hafna kröfu sóknaraðila að fjárhæð 54.198.112 krónur (414.644 bandarískir dollarar). Til vara krefst varnaraðili þess að krafa sóknaraðila verði lækkuð í 1.910.456 krónur (14.496 bandaríska dollara). Til þrautavara krefst varnaraðili þess að krafa sóknaraðila verði viðurkennd sem almenn krafa og jafnframt að hún verði lækkuð í 1.910.456 krónur. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

### II

Sóknaraðili var ráðinn til starfa hjá varnaraðila með ráðningarsamningi dagsettum 1. apríl 2006. Hann var ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra og forstöðumanns á skrifstofu varnaraðila í New York í Bandaríkjunum og skyldi hann starfa fyrir varnaraðila sem slíkur eða alfarið samkvæmt ákvörðunum varnaraðila þar um eins og í ráðningarsamningnum greinir og yrði hann síðar ráðinn í starf

framkvæmdastjóra þegar stjórn bankans myndi samþykkja að opna skrifstofur í Bandaríkjunum.

Samkvæmt ráðningarsamningnum voru megin skyldur sóknaraðila að byggja upp viðskipti varnaraðila í Kanada og Bandaríkjunum og koma á fót starfsemi bankans í Bandaríkjunum.

Var sérstakt dótturfélag varnaraðila, Glitnir Capital Corporation, hér eftir nefnt GCC, sett á stofn til að halda utan um starfsemi varnaraðila í Bandaríkjunum og hinn 14. desember 2006 var send umsókn til fyrirtækjaskrár New York fylkis um leyfi til að stunda viðskipti í fylkinu. Samkvæmt gögnum málsins var skrifstofa dótturfélagsins í New York hins vegar ekki opnuð formlega fyrr en 5. nóvember 2007. Gegndi sóknaraðili starfi framkvæmdastjóra hjá dótturfélaginu og sat hann í stjórn félagsins ásamt Magnúsi Bjarnasyni sem jafnframt var stjórnarformaður félagsins.

Hinn 7. október 2008 ákvað Fjármálaeftirlitið að taka yfir vald hluthafafundar varnaraðila og skipa honum skilanevnd. Skilanevndin tilkynnti í kjölfarið að allri erlendri starfsemi yrði hætt.

Hinn 15. október 2008 gerði Magnús Bjarnason varnaraðila tilboð í alla hluti GCC fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags sem yrði í eigu hans, sóknaraðila og tveggja samstarfsmanna sem starfað höfðu á skrifstofu félagsins í New York. Samkvæmt tilboðinu skyldi félagið afhent tilboðsgjafa eins og fjárhagsstöðu þess væri háttáð við gerð tilboðsins og sem tilboðsgjafi þekkti og sætti sig við að öllu leyti. Skyldi tilboðsgjafi taka við öllum réttindum og skyldum sem fylgdu hlutafénu þ.m.t. rétti til arðgreiðslna og atkvæðisrétti frá og með greiðslu kaupverðsins en allar kröfur og skuldbindingar milli varnaraðila og GCC myndu falla niður við samþykki tilboðsins. Var kautilboðinu tekið og var nýtt félag, Glacier Partners Corporation, stofnað á grunni GCC og fékk það félag heimild til að stunda viðskipti í Bandaríkjunum samkvæmt umsókn til fyrirtækjaskrár New York fylkis 5. nóvember 2008.

Varnaraðila var veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 sem standa átti til 13. febrúar 2009. Var greiðslustöðvunin framlengd hinn 19. febrúar 2009 til 13. nóvember 2009. Áður en sá tími var á enda, hinn 12. maí 2009, var varnaraðila skipuð slitastjórn. Hinn 26. maí 2009 gaf slitastjórn varnaraðila út innköllun til kröfuhafa bankans sem birt var fyrst í Lögbirtingablaðinu þann dag. Var frestur til að lýsa kröfum sex mánuðir frá fyrstu birtingu og lauk kröfulýsingar fresti samkvæmt því 26. nóvember 2009. Frestdagur var 15. nóvember 2008 og er upphafsdagur slitameðferðar 22. apríl 2009.

Sóknaraðili lýsti kröfu sinni sem byggir á áðurgreindum ráðningarsamningi með bréfi 26. október 2009 og sundurliðast krafa hans svo:

<u>Tegund kröfu</u>	<u>Fjárhæð í IKR</u>
<u>Fjárhæð í USD</u>	
Laun vegna október 2008 27.142	3.547.730
Lífeyrissjóður 17% jan-okt 2008 6.031.220	46.142
Eftirlaunaáætlun miðað við 30. sept. 2008 133.167	17.406.258
Laun í uppsagnarfresti í sex mánuði 21.286.776	162.855
Lífeyrissjóðsiðgjöld á sex mán. uppsagnarfresti 3.618.706	27.685
Heilbrigðis- og líftrygging í október 2008 210.704	1.612
Heilbrigðis- og líftrygging á sex mán. uppsagnarfr. 9.672	1.264.227
Trygging v/tannlæknaþjónustu í október 2008 31.239	239
Trygging v/tannlæknaþjónustu á sex mán. upps.fr. 1.434	187.438
<u>Lögfræðikostnaður vegna lögfræðiráðgjafar erlendis</u> <u>613.814</u>	<u>4.696</u>
Heildarfjárhæð 54.198.112	414.644

Með bréfi slitastjórnar 4. desember 2009 var kröfu sóknaraðila hafnað með þeim rökum að sóknaraðili hefði ekki þegið laun frá varnaraðila á því tímabili sem krafan tók til. Af hálfu sóknaraðila var afstöðu slitastjórnar til kröfunnar hafnað með bréfi 16. desember 2009. Var fjallað um ágreining vegna afstöðu slitastjórnar til kröfu sóknaraðila á skiptafundi 17. desember 2009 og var boðað til sérstaks ágreiningsfundar um hana 24. mars 2010. Var þá ekki mætt af hálfu sóknaraðila til fundarins og taldi slitastjórn því nauðsynlegt að bera málið undir héraðsdóm til

úrlausnar. Með bréfi slitastjórnar varnaraðila til Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl 2010 var krafist úrlausnar dómsins um ofangreindan ágreining og var erindið mótttekið 11. maí 2010.

### III

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að fyrir hendi hafi verið ráðningarsamband við varnaraðila á því tímabili sem kröfur hans taki til og byggist þær á ráðningarsamningi aðila frá 1. apríl 2006.

Telur sóknaraðili að heimfæra megi einstaka þætti kröfu sinnar eins og þeir komi fram í sundurliðun kröfulýsingar beint til ákvæða samningsins. Krafa um launagreiðslur á starfstíma og á uppsagnarfresti byggja á 6. gr. samningsins, sbr. 10. gr., krafa um lífeyrisframlag á 9. gr., sbr. 10. gr., heilbrigðis- og líftryggingar á 9. gr., sbr. 10. gr. Þá sé krafist erlends lögfræðikostnaðar vegna ráðgjafar og innheimtu kröfu.

Sóknaraðili telur að 112. gr. laga nr. 21/1991 taki ótvírætt til kröfu sóknaraðila enda nái hún samkvæmt orðanna hljóðan yfir laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamanns sem og bætur vegna slita á vinnusamningi, sbr. 1. og 2. töluliði 1. mgr. ákvæðisins. Falli kröfuliðir allir undir þau atriði sem tilgreind séu í framangreindum tveimur málsgreinum, enda sé lífeyrissöfnun og heilbrigðis- og líftryggingar að öllu leyti á ábyrgð launþega í þeim heimshluta þar sem sóknaraðili bjó og starfaði fyrir varnaraðila. Greiðslur til sóknaraðila vegna slíkra útgjalda séu því, rétt eins og laun, endurgjald fyrir vinnu hans hjá varnaraðila.

Höfnun slitastjórnar á kröfu sóknaraðila sem byggist á því að ekki hafi verið vinnuréttarsamband á milli aðila sé óskiljanleg enda liggi fyrir ráðningarsamningur milli aðila. Hafi þeim ráðningarsamningi aldrei verið sagt upp með formlegum hætti þó að sóknaraðili líti svo á að októbermánuður 2008 hafi verið síðasti mánuður hans í starfi, þar sem hafi legið fyrir í lok þess mánaðar að varnaraðili hygðist ekki inna af hendi frekari launagreiðslur til hans. Varnaraðili hafi ekki lagt fram annan ráðningarsamning í málinu sem sóknaraðili eigi að vera aðili að, enda sé slíkum ráðningarsamningi ekki til að dreifa. Þá hafi varnaraðili ekki lagt fram nein gögn um að fyrirbyggjandi ráðningarsamningi hafi nokkurn tíma verið sagt upp af öðrum hvorum mál aðila, honum slitið eða hann úr gildi felldur á annan hátt.

Fyrir liggi í málinu að varnaraðili hafi gefið út skriflega yfirlýsingu um veitingu kaupréttar til sóknaraðila hinn 1. júní 2007. Eins og fram komi í inngangsorðum yfirlýsingarinnar og samþykkt stjórnar varnaraðila sem yfirlýsingin byggja á, hafi slíkir kaupréttir aðeins verið ætlaðir stjórnendum og starfsmönnum varnaraðila.

Þannig liggi fyrir að varnaraðili hafi litið svo á að sóknaraðili væri starfsmaður hans á þeim tíma. Enn fremur sé að finna handskrifað neðst í þeirri yfirlýsingu, að vísað sé til greinar 6.5. í ráðningarsamningi sóknaraðila, en sú grein fjalli um veitingu kaupréttá og skilyrði þeirra. Það fari því ekki á milli mála að varnaraðili hafi á þessum tíma talið sig vera í ráðningarsambandi við sóknaraðila á grundvelli ráðningarsamningsins frá 1. apríl 2006. Hvenær varnaraðili telji umræddu ráðningarsambandi hafa lokið sé fullkomin ráðgáta enda hafi ekkert gerst á tímabilinu 1. júní 2007 til loka október 2008 sem styðji slíkt.

Geti aðilaskipti að vinnuréttarsamningi ekki átt sér stað án samþykkis beggja aðila og hafi sóknaraðili aldrei veitt samþykki sitt fyrir slíkum aðilaskiptum. Þá hafi enginn annar tekið á sig þær skyldur sem varnaraðili beri samkvæmt fyrirbyggjandi ráðningarsamningi og geti sóknaraðili ekki gert neinar kröfur þar að lútandi.

Sóknaraðili kveður þá fullyrðingu varnaraðila að hann hafi ekki greitt laun sóknaraðila vera tilhæfuleusa með öllu enda liggi fyrir fjöldi gagna um samskipti þar að lútandi. Varnaraðili hafi sjálfur kosið að hafa ýmsan hátt á við að efna skyldur sínar og hafi fyrirkomulagið verið misjafnt á ólíkum tímabilum ráðningarsambandsins. Alltaf hafi greiðslurnar þó komið frá varnaraðila, ýmist beint, í gegnum þriðja aðila eða GCC. Síni skjöl málsins með ótvíráðum hætti að yfirstjórn og ákvarðanatöku allrar framkvæmdar launagreiðslna og launamála hafi verið hjá varnaraðila og að aðrir, hvort sem um hafi verið að ræða Cerdian eða GCC, hafi eingöngu verið að sinna framkvæmdaratriðum hvað það varði.

Breyti engu um réttarstöðu kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila hvar varnaraðili hafi kosið að sóknaraðili hefði sína starfsstöð. Þegar sóknaraðili hafi hafið störf fyrir varnaraðila hafi hann verið staðsettur í Toronto í Kanada en síðar hafi starfsstöð hans verið flutt til New York. Starfsskyldur hans hafi alltaf náð yfir alla Norður-Ameríku og á engan hátt verið einskorðaðar við þau mál sem fallið hafi undir GCC. Þvert á móti hafi mjög mörg þeirra viðskipta sem heyrt hafi undir starfsemi á því landssvæði, sem sóknaraðili hafi borið ábyrgð á „beint á bókum“ varnaraðila á Íslandi, bæði fyrir og eftir að GCC hafi verið komið á fót.

Eftir standi sá kjarni málsins að aðilar hafi átt lögvarða kröfu hvor á hendur hinum, annars vegar um vinnuframlag og hins vegar um launagreiðslur. Vanefndi annar hvor aðilinn sínar skyldur samkvæmt ráðningarsamningnum hafi ekki verið á annan að sækja um efndir eða bætur en gagnaðilann.

Varnaraðili kveður aðalkröfu sína byggja á því að sóknaraðili hafi verið starfsmaður GCC sem hafi verið dótturfélag varnaraðila í Bandaríkjunum frá þeim tíma sem það félag var stofnað og þar til sóknaraðili hafi ásamt fleirum keypt alla hluti félagsins og stofnað GPC. Hjá GCC hafi sóknaraðili haft með höndum starf framkvæmdastjóra og hafi starfsskyldur hans verið á starfsstöð þess félags í New York og við það félag eingöngu en ekki varnaraðila. Sem framkvæmdastjóri GCC hafi sóknaraðili meðal annars veitt forystu opnun skrifstofu GCC í New York í september 2007.

Þrátt fyrir að gerður hafi verið ráðningarsamningur milli aðila málsins í apríl 2006 megi ljóst vera að réttindi og skyldur samkvæmt honum hafi sjálfkrafa flust yfir til dótturfélagsins GCC við stofnun þess og hafi starfsskyldur sóknaraðila því verið bundnar við það félag. Þetta hafi sóknaraðila verið ljóst eða mátt vera ljóst enda hafi hann verið í forsvari fyrir GCC sem framkvæmdastjóri þess og hafi hann birst út á við sem slíkur í umfjöllunum fjölmiðla um viðskipti félagsins sem og kaup sóknaraðila o.fl. á félaginu í október 2008. Launagreiðslur til sóknaraðila og greiðslur launatengdra gjalda hafi verið greiddar af hálfu GCC. Þá hafi sóknaraðili sjálfur gert grein fyrir því til bandarískra skattýfirvalda að GCC væri vinnuveitandi hans við útfyllingu á svokölluðu W-4 eyðublaði, sem tilgreini skattalega stöðu launþega. Enn fremur hafi GCC gert reikningsskil í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaðla, sem sjálfstæð eining, með öllum tekjum og gjöldum sem tilheyrir hafi félaginu á hverju uppgjörstímabili ásamt eignum og skuldum í lok hvers uppgjörstímabils. Varnaraðili bendir í því sambandi á að algengt sé að móðurfélög, eins og varnaraðili í þessu tilviki, annist margvíslega þjónustu fyrir dótturfélög sín eins og GCC, til dæmis, láni fé til starfseminnar í upphafi. Peningafærslur frá móðurfélagi til dótturfélags séu þó eingöngu viðskiptafærslur á milli aðila og hafi ekkert með tiltekna tekjur eða tiltekin gjöld dótturfélagsins að gera.

Vert sé að vekja sérstaka athygli á að yfirlit yfir launagreiðslur sóknaraðila sem hann hafi lagt fram varði aðeins launagreiðslur til hans á árinu 2006 eða fram að þeim tíma er GCC hafi verið stofnað. Þá sé vakin athygli á að í greinargerð sóknaraðila sé viðurkennt að starfsmenn GCC hafi annast framkvæmd launagreiðslna og að á tímabili hafi launagreiðslur komið í gegnum GCC. Tímabilið frá því að ráðningarsamningurinn hafi verið gerður, og sóknaraðili virðist byggja kröfur sínar fyrst og fremst á, og þar til dótturfélagið hafi verið stofnað, skipti hins vegar engu máli hér heldur eingöngu tímabilið sem kröfur sóknaraðila taki til, þ.e. október 2008 varðandi launagreiðslur, janúar-október 2008 vegna lífeyrisgreiðslna og svo bætur vegna slita á vinnusamningi í sex mánuði frá október 2008. Öll gögn sem sóknaraðili hafi lagt fram í málinu lúti að því tímabili sem hann sannarlega hafi starfað fyrir varnaraðila, þ.e. fyrir hluta ársins 2006. Gögn sem varði önnur tímabil, þ.e. frá stofnun GCC og fram í október 2008, beri hins vegar skilmerkilega með sér að vinnuveitandi og launagreiðandi í almennum skilningi þessara hugaka í vinnurétti hafi verið GCC en ekki varnaraðili. Það sé það tímabil sem skipti öllu máli hér.

Við mat á því hvort ráðningarsamband hafi verið milli málsaðila beri að líta til starfsskyldna sóknaraðila, hvernig launagreiðslum til hans hafi verið háttáð og hver hafi greitt opinber gjöld, s.s. skatta, tryggingargjald og framlag í lífeyrissjóð. Gögn málsins svari framangreindum atriðum með skýrum hætti þannig að ljóst sé að dótturfélag varnaraðila hafi verið vinnuveitandi sóknaraðila á því tímabili er kröfur hans taki til og sé því lýstri kröfu hans beint að röngum aðila. Sé með engum hætti hægt að líta svo á að varnaraðili og dótturfélag hans séu ein heild við mat á því hvort ráðningarsamband sé milli málsaðila.

Um miðjan október 2008 hafi GCC verið selt og hafi nýir eigendur, þ.m.t. sóknaraðili, tekið við öllum skuldbindingum félagsins. Í fréttatilkynningu hins nýja félags GPC frá 31. mars 2009 komi fram að sóknaraðili hafi verið einn af lykilstarfsmönnum GCC. Varnaraðili bendir á að í kröfulýsingu sóknaraðila sé því sleppt að vísa til þeirra launa sem hann hafi aflað eftir fyrrgreind kaup en af fréttatilkynningunni megi ráða að ráðningarsamband sóknaraðila og GCC hafi ekki verið rofið eins og ráða megi af kröfum sóknaraðila. Þurfi sóknaraðili að bera hallann af því.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili haldi því fram að varnaraðili hafi talið sig vera í ráðningarsambandi við sóknaraðila á grundvelli ráðningarsamningsins frá 1. apríl 2006 er gefin hafi verið út skrifleg yfirlýsing um veitingu kaupréttar til sóknaraðila hinn 1. júní 2007. Varnaraðili bendir í fyrsta lagi á að sóknaraðili hafi ekki tekið við stjórnun GCC fyrr en í september sama ár og í öðru lagi sé í umræddri kaupréttaryfirlýsingu sérstaklega tilgreint það skilyrði fyrir kaupréttinum, að starfsmaður hafi ekki hætt hjá varnaraðila eða dótturfélagi hans (e. subsidiaries) fyrir 1. desember 2008. Kaupréttur í varnaraðila hafi auðvitað verið ákveðinn af stjórn bankans og aðeins veittur framkvæmdastjórum og lykilstarfsmönnum bankans og dótturfélaga hans á árunum 2007-2008.

Ljóst sé að sóknaraðila hafi ekki verið sagt upp með formlegu uppsagnarbréfi vegna rekstrarstöðvunar varnaraðila eins og öllum starfsmönnum varnaraðila. Slíkt bréf hafi ekki verið afhent honum þar sem hann hafi ekki verið starfsmaður varnaraðila í október 2008. Þegar skilanefnd varnaraðila hafi tekið bankann yfir hafi verið tilkynnt að allri starfsemi erlendis yrði hætt. Starfsemin í Bandaríkjunum hafi farið fram í hlutafélaginu GCC og verið tekin yfir af sóknaraðila o.fl. í október 2008 en GPC hafi verið stofnað til að halda áfram starfsemi GCC af starfsmönnum síðargreinda félagsins. Það geti ekki hafa verið tilviljun að þessir tilteknu einstaklingar, þar af þrír fyrrverandi starfsmenn GCC, hafi tekið yfir félagið þegar ljóst hafi verið að starfsemi þess yrði hætt í kjölfar rekstrarstöðvunar varnaraðila.

Samkvæmt framangreindu sé ljóst að varnaraðili hafi ekki borið ábyrgð á skuldbindingum GCC á því tímabili sem lýstar kröfur sóknaraðila taki til og af því leiði að sóknaraðili hafi beint kröfu sinni að röngum aðila. Þegar af þeirri ástæðu beri að staðfesta afstöðu slitastjórnar varnaraðila og hafna kröfu sóknaraðila.

Verði fallist á að einhvers konar ráðningarsamband hafi verið milli málsaðila á því tímabili sem kröfur sóknaraðila taki til og að þær njóti stöðu forgangskrafna samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sé á því byggt að lækka beri kröfufjárhæðina.

Varðandi kröfu sóknaraðila um laun í uppsagnarfresti sé á því byggt að starfi hans hjá dótturfélagi varnaraðila hafi aldrei verið sagt upp heldur hafi sóknaraðili einhliða tekið ákvörðun um að hætta störfum og stofna nýtt félag á grunni GCC. Byggi varnaraðili þannig á því að ráðningarsamningi málsaðila hafi ekki verið formlega sagt upp. Styðji málatilbúnaður sóknaraðila þá málsástæðu enda segi í greinargerð hans að hann hafi litið svo á að október 2008 hafi verið síðasti mánuður hans í starfi þar sem starfsemi GCC hafi hætt í kjölfar rekstrarstöðvunar varnar aðila. Verði því að álykta svo að sóknaraðili hafi þannig einhliða ákveðið að rjúfa ráðningarsamninginn og af þeim sökum telji varnaraðili að hafna verði öllum kröfum sóknaraðila um laun og launatengdar greiðslur í uppsagnarfresti. Á sama tíma, eða um miðjan október, hafi GCC verið keypt af sóknaraðila, Magnúsi Bjarnasyni o.fl., með yfirtöku allra réttinda og skyldna félagsins og verði ekki annað ráðið en að starf sóknaraðila hafi fylgt með í þeim kaupum með tilheyrandi skyldum fyrir nýjan vinnuveitanda sem yfirtekið hafi allar skuldbindingar sem á GCC hafi hvílt, þ.á m. allar skuldbindingar vegna launa og launatengdra gjalda, hvort sem þær hafi verið ógreiddar eða aðeins áfallnar. Þá hafi í kaupskilboðinu ekki verið gerður neinn fyrirvari vegna launa sem GCC hafi verið skuldbundið að greiða starfsmönnum sínum.

Ef ekki verði fallist á framangreint sé á því byggt að vinna sóknaraðila í uppsagnarfresti fyrir GPC, eigi að koma til frádráttar kröfu hans um laun í uppsagnarfresti. Krafa um laun í uppsagnarfresti sé ekkert annað en krafa um bætur vegna slita á vinnusamningi. Afli launþegi sér annarra launatekna á því tímabili sem hann geri kröfu til eigi þær að dragast frá kröfunni. Grundvallist þetta á þeirri reglu skaðabóta réttarins að starfsmaður eigi rétt á að fá fjárhagslegt tjón bætt en hann geti aldrei orðið betur settur en hann hefði verið ef tjón hefði ekki orðið.

Verði ekki fallist á framangreint telur varnaraðili að hafna verði helmingi af launa kröfu sóknaraðila fyrir október 2008 og helmingi af kröfum um heilbrigðis- og líf tryggingar og tryggingu vegna tannlæknaþjónustu fyrir sama mánuð. Hafna beri öllum kröfum sóknaraðila um lífeyrisgreiðslur enda sé krafa um lögbundið framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð krafa viðkomandi lífeyrissjóðs en ekki starfsmannsins,

sbr. 4. töluliður 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Byggist framangreint á því að hafi ráðningarsamband verið milli aðila, hafi það slitnað við kaup/stofnun sóknaraðila á GCC en fyrir liggi að kauptilboð sóknaraðila o.fl. sé dagsett 15. október 2008. Þá hafni varnaraðili alfarið kröfu samkvæmt svokallaðri eftirlaunaáætlun (e. unfunded deferred pension plan) þar sem sú krafa sé vanreifuð og ekki unnt að sjá á hverju hún byggist.

Varnaraðili hafnar kröfu sóknaraðila um kostnað út af lögfræðilegri ráðgjöf erlendis vegna kröfunnar enda telur varnaraðili ekki hafa verið sýnt fram á grundvöll kostnaðarkröfunnar, þ.e. að ekki hafi verið sýnt fram á réttmæti og lögmæti þess að láta varnaraðila bera kostnað sem sóknaraðili hafi stofnað til og krefjist forgangs fyrir. Kostnaðarkrafa sóknaraðila sé heldur ekki nægjanlega rökstudd að mati varnaraðila. Varnaraðili bendir á í þessu sambandi að heimild til greiðslustöðvunar hafi fengist í nóvember 2008 og því óheimilt af hálfu sóknaraðila að krefjast kostnaðar þess sem hér sé krafist, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 21/1991.

Standi þá eftir kröfur vegna:

<u>Tegund kröfu</u>	<u>Fjárhæð í IKR</u>
<u>Fjárhæð í USD</u>	
Laun fyrir hálfan október 2008	1.773.865
13.571	
Heilbrigðis- og líftrygging f. hálfan október 2008	
105.352	806
<u>Trygging v/tannlæknaþjónustu f. hálfan október 2008</u>	<u>31.239</u>
<u>119</u>	
Heildarfjárhæð	
1.910.456	14.496

Verði ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila um að hafna skuli kröfu sóknaraðila sé ljóst að krafa sóknaraðila geti ekki notið forgangs við slitameðferð varnaraðila. Sóknaraðili haldi því fram í greinargerð sinni að um sé að ræða forgangskröfu vegna launa og launatengdra greiðslna og byggi hann því kröfu sína á 112. gr. laga nr. 21/1991. Ef fallist yrði á að ráðningarsamband hafi verið á milli aðila á þeim tíma sem um ræðir telur varnaraðili að krafa sóknaraðila geti ekki notið forgangsréttar við slitameðferð varnaraðila þar sem sóknaraðili hafi haft með hönd um framkvæmdastjórn í skilningi ákvæðis 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Sóknaraðili hafi með stöðu sinni sem framkvæmdastjóri dótturfélags varnaraðila talist til framkvæmdastjórnar varnaraðila og eigi því ekki rétt til að krafa hans verði viðurkennd sem forgangskrafa á grundvelli 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Hafi dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að túlka beri orðalag fyrrgreinds ákvæðis

laganna rúmt. Geti krafa sóknaraðila því einungis verið almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Þessu til stuðnings vísar varnaraðili jafnframt til þess að kaupréttur hafi aðeins boðist æðstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum varnaraðila og dótturfélaga. Sé ljóst að sóknaraðili hafi þar með ekki talist lykilstarfsmaður varnaraðila heldur verið einn af æðstu stjórnendum innan samstæðunnar þar sem hann hafi verið framkvæmdastjóri eins af dótturfélögunum.

Um lagarök að öðru leyti en að framan er rakið vísar varnaraðili til meginreglna gjaldþrotaskipta-, samninga- og kröfuréttar. Um málskostnað vísar hann til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

## V

Í máli þessu lýtur meginágreiningur aðila að því hvort sóknaraðili eigi kröfu á hendur varnaraðila á grundvelli ráðningarsamnings milli þeirra 1. apríl 2006. Teljist sóknaraðili eiga kröfu á hendur varnaraðila er ágreiningur um fjárhæð kröfunnar og hvar skipa skuli henni í skuldaröð við slit varnaraðila.

Óumdeilt er að sóknaraðili var ráðinn til starfa hjá varnaraðila með ráðningarsamningi frá 1. apríl 2006. Samkvæmt grein 2.1 í samningnum segir að sóknaraðili sé ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra og forstöðumanns Glitnis North American Operation og starfi fyrir bankann sem slíkur eða alfarið samkvæmt frekari ákvörðun þar um. Þá segir þar jafnframt að sóknaraðili verði ráðinn í starf framkvæmdastjóra þegar stjórn bankans samþykki að opna skrifstofur í Bandaríkjunum. Í gr. 2.2. segir svo að starfsskyldur sóknaraðila verði samkvæmt skilgreiningu bankans þar um. Til viðbótar venjulegum starfsskyldum tengdum stöðu sóknaraðila kunni honum að vera falin aukaverkefni eða viðbótarskyldur eftir hentugleikum, sé slíkt talið nauðsynlegt til þess að mæta viðskiptalegum þörfum bankans. Þá segir í 3. gr. þar sem greinir frá ráðningartíma að hafi ráðningu ekki verið sagt upp samkvæmt greinum 10.1 eða 13 í samningnum, skuli ráðning halda áfram þar til henni verði sagt upp annaðhvort með skriflegri uppsögn sóknaraðila með þriggja mánaða fyrirvara eða að bankinn segi sóknaraðila upp störfum með 12 mánaða fyrirvara en uppsögn af hendi bankans skuli eftir fyrsta árið vera skrifleg og með sex mánaða fyrirvara. Í 4. gr. er starfsstöð sóknaraðila tilgreind þannig að í upphafi skuli hún vera í Toronto í Ontario í Kanada og skuli sóknaraðili starfa með skrifstofu bankans í Halifax í Nova Scotia. Þá sé gert ráð fyrir að sóknaraðili komi sér fyrir í New York eða Connecticut um sumarið eða haustið 2006 en bankinn kunni jafnframt að krefjast þess að sóknaraðili starfi tímabundið á öðrum stað eins og sanngjarnt geti talist á hverjum tíma.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á hendur varnaraðila á því að ráðningarsamningi milli aðila hafi í raun aldrei verið sagt upp með formlegum hætti þó svo að

sóknaraðili líti svo á að síðasti mánuður hans í starfi hafi verið október 2008 þar sem legið hafi fyrir í lok þess mánaðar að varnaraðili hygðist ekki greiða honum frekari laun.

Í málinu liggja fyrir gögn sem sýna fram á það svo ekki verður um villst að sóknaraðili starfaði sem framkvæmdastjóri dótturfélags varnaraðila GCC frá og með stofnun þess félags og þar til sóknaraðili sjálfur ásamt fleirum keypti félagið af skilanevnd varnaraðila 15. október 2008. Kemur fram í yfirliti yfir alþjóðastarfsemi varnaraðila og starfsstöðvar dótturfélaga sem tekið var af vefsvæði varnaraðila 3. nóvember 2010 varðandi Glitnir Capital Corporation, New York, að sóknaraðili sé framkvæmdastjóri á sviði fyrirtækjaþróunar í Bandaríkjunum og Kanada. Þá kemur fram í frétt af heimasíðu varnaraðila 5. september 2007, þar sem tilkynnt er um opnun dótturfélags varnaraðila, að sóknaraðili sé framkvæmdastjóri nýju starfsstöðvarinnar, sem beri heitið Glitnir Capital Corporation og er þar haft eftir sóknaraðila að bankinn muni einkum beina sjónum sínum þar vestra að þeim þremur meginsviðum þar sem hann sé nú þegar í fremstu röð í heiminum; jarðvarma og öðrum endurnýjanlegum orkulindum, sjávarútvegi og þjónustu við olíuiðnaðinn. Þá muni GCC vinna náið með norrænum viðskiptavinum sínum á bandarískum markaði.

Samkvæmt launagreiðsluyfirliti GCC frá 18. janúar 2008 til 30. september 2008 greiddi GCC sóknaraðila laun á þessu tímabili. Skiptir í þessu sambandi ekki máli hvernig dótturfélagið fjármagnaði rekstur sinn. Þá gerði sóknaraðili bandarískum skattfyrvöldum grein fyrir því að GCC væri vinnuveitandi hans, við útfyllingu á svokölluðu W-4 eyðublaði, sem tilgreinir skattalega stöðu launþega. Þykja gögn þessi bera með sér svo óyggjandi sé að launagreiðandi sóknaraðila á þessum tíma var GCC en ekki varnaraðili.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi gefið út skriflega yfirlýsingu um veitingu kaupréttar til sóknaraðila 1. júní 2007. Hafi slíkir kaupréttir samkvæmt yfirlýsingunni aðeins verið ætlaðir stjórnendum og starfsmönnum varnaraðila og því sé ljóst að á þessum tíma hafi varnaraðili litið á sóknaraðila sem starfsmann sinn. Þá sé í yfirlýsingunni vitnað til greinar 6.5 í ráðningarsamningi aðila. Í umræddri yfirlýsingu kemur fram að skilyrði kaupréttar sé að sóknaraðili hafi ekki hætt hjá varnaraðila eða dótturfélagi hans fyrir 1. desember 2008. Verður því ekki af yfirlýsingu þessari dregin önnun ályktun en að sóknaraðili hafi á þessum tímamarki talinn eiga kauprétt, hvort sem hann hafi verið starfsmaður varnaraðila eða dótturfélags varnaraðila og veitir yfirlýsingin því enga sönnun um að sóknaraðili hafi verið starfsmaður varnaraðila á þeim tíma sem kröfur hans taka til.

Að öllu framangreindu virtu þykir ljóst að sóknaraðili var starfsmaður GCC og þáði laun frá því félagi þegar slitastjórn var sett yfir varnaraðila í október 2008. Með því að ekki var gerður nýr ráðningarsamningur milli sóknaraðila og dótturfélagsins

þykir ljóst að dótturfélagið GCC hafi yfirtekið réttindi og skyldur varnaraðila samkvæmt samningnum með samþykki sóknaraðila og liggur ekki annað fyrir en að sóknaraðili hafi haldið öllum sínum réttindum samkvæmt ráðningarsamningnum við yfirfærsluna. Þá er þess að geta að í ráðningarsamningnum var gert ráð fyrir því að sóknaraðili yrði ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra þegar stjórn varnaraðila samþykki að opna skrifstofu í Bandaríkjunum. Þegar af þessum ástæðum verður kröfum sóknaraðila hafnað og eru því ekki efni til að fjalla frekar um aðrar málsástæður eða kröfur aðila.

Þegar málið er virt í heild sinni og að teknu tilliti til útlagðs kostnaðar vegna þýðinga, þykir hæfilegt að sóknaraðili greiði varnaraðila 500.000 krónur í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Einar Páll Tamimi hdl. en af hálfu varnaraðila flutti málið Páll Eiríksson hdl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

## **Ú R S K U R Ð A R O R Ð**

Staðfest er sú afstaða slitastjórnar varnaraðila, Glitnis banka hf., að hafna kröfu sóknaraðila, Jonathans B. Logan, að fjárhæð 414.644 bandarískir dollarar sem lýst var sem forgangskröfu við slitameðferð varnaraðila.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 500.000 krónur í málskostnað.

Greta Baldursdóttir

